



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Benedetti leikur Mozart

26. mars 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Tónleikunum er sjónvarpað beint í tilraunaskyni til allra notenda Sjónvarps Símans og verða aðgengilegir í Tímaflakkinu í 24 tíma.

Áætluð tímalengd verka:

Trittico Bottecchiano: 20'

Fiðlukonsert: 30'

Mathis der Maler, sinfónía: 30'

Mynd á kápu:

Una Sveinbjarnardóttir 3. konsertmeistari og Nicola Lolli 1. konsertmeistari.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Benedetti leikur Mozart

Tónleikar í Eldborg 26. mars 2015 » 19:30

Hans Graf hljómsveitarstjóri

Nicola Benedetti einleikari

Ottorino Respighi

Trittico Botticelliano (Þrjár Botticelli-myndir, 1927)

La primavera (Vorið)

L'adorazione dei Magi (Vegsömun vitringanna)

La nascita di Venere (Fæðing Venusar)

W.A. Mozart

Fíðlukonsert nr. 5 í A-dúr K. 219 (1775)

Allegro aperto

Adagio

Rondeau. Tempo di Menuetto

Hlé

Paul Hindemith

Mathis der Maler (Matthías málarí, sínfónía, 1933–34)

Engelkonzert (Hljómleikur englanna): Ruhig bewegt

Grablegung (Greftrun): Sehr langsam

Versuchung des heiligen Antonius (Freisting heilags

Antoníusar): Sehr langsam – Frei im Zeitmass – Sehr lebhaft

Hans Graf

hljómsveitarstjóri



Hljómsveitarstjórinn Hans Graf (f. 1949) stundaði nám frá unga aldri á fiðlu og píanó í heimabæ sínum Marchtrenk í Austurríki og nam síðar píanóleik og hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Graz. Einnig sótti hann einkatíma í hljómsveitarstjórn hjá Sergiu Celibidache og Franco Ferras. Árið 1979 vann Graf til fyrstu verðlauna í alþjóðlegu Karl Böhm-hljómsveitarstjórakeppninni og varð það til þess að vekja mikla og verðskuldaða athygli á hinum unga stjórnanda víða um lönd.

Hans Graf gegndi stöðu aðalhljómsveitarstjóra Mozarteum-hljómsveitarinnar í Salzburg á árunum 1984–94 og sömu stöðu hjá Fílharmóníusveit Calgary á árunum 1995–2003 en árið 2001 bauðst honum staða aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Houston og gegndi hann þeirri stöðu þar til vorið 2013. Nú er hann heiðursstjórnandi sömu sveitar en einnig eftirsóttur gestastjórnandi í Bandaríkjunum og Evrópu, bæði hjá sinfóníuhljómsveitum og við óperuhús.

Of langt mál yrði að telja upp alla viðkomustaði Hans Graf í starfi en meðal þeirra hljómsveita sem hann hefur unnið með má nefna Sinfóníuhljómsveitir Cleveland, San Francisco og Chicago og Fílharmóníusveitir New York og Los Angeles. Hinum megin Atlantshafs eru hljómsveitir á borð við Fílharmóníusveitir Vínarborgar og Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitin í Amsterdam og Gewandhaus-hljómsveitin í Leipzig meðal þeirra sem hann stjórnar. Graf hefur hljóðritað fyrir útgáfufyrirtæki á borð við EMI, Orfeo, CBC og Erato.



Nicola Benedetti

einleikari

Nicola Benedetti (f. 1987) er af skoskum og ítölskum ættum, á skoska móður og ítalskan föður. Hún hóf fiðlunám fimm ára gömul og nam síðar við Yehudi Menuhin-skólann í Surrey þar sem Natasha Bojarskaja var kennari hennar. Hún bar sig úr bítum í keppninni „BBC Young Musician of the Year“ árið 2004, sextán ára gömul.

Benedetti hefur komið fram með öllum helstu hljómsveitum heims og hefur nýlega leikið einleik með Fílharmóníuhljóm-sveitinni í New York, Philadelphia-hljómsveitinni og Sinfóníu-hljómsveitunum í Lundúnum og San Francisco. Einnig er hún ötull túlkandi barokktónlistar og hefur komið fram á tónleikum með Barokkhljómsveit Feneyja og La Cetra barokk-sveitinni í Basel. Hún hefur hljóðritað ótal geisladiska fyrir Deutsche Grammophon og Decca, meðal annars fiðlukonserta eftir Tsjajkovskíj, Bruch og Vivaldi, og hafa margir hljómdiska hennar náð efsta sæti klassískra vinsældalista víða um heim.

Nicola Benedetti er sannfærð um þau jákvæðu áhrif sem tónlist getur haft á líf ungs fólks. Þegar hún er ekki á tónleikaferðum um heiminn styður hún dyggilega við tónlistarkennslu, ekki síst í samstarfi við samtökin Sistema Scotland sem starfrækja nemendahljómsveitir í heimalandi hennar. Benedetti lék einleik á hinum víðfrægu „Last Night of the Proms“ tónleikum 2012, og ári síðar var hún sæmd MBE-orðu (Member of the Order of the British Empire) fyrir störf sín í þágu tónlistar. Hún hefur verið sæmd fimm heiðursgráðum við breska háskóla og hreppti Classical BRIT-verðlaunin 2012 og 2013 sem tónlistarkona ársins. Benedetti leikur á hina svonefndu „Gariel“ Stradivarius-fiðlu sem smíðuð var árið 1717.

Nicola Benedetti leikur sínar eigin kadensur í konsertinum rétt eins og tíðkaðist þegar hann varð til.

 @NickyBenedetti

Ottorino Respighi

Þrjár Botticelli-myndir



Meistaraverk myndlistarinnar hafa orðið mörgu tónskáldi efniviður til sköpunar. Kunnast slíkra verka er vafalaust *Myndir á sýningu* eftir Músorgskíj en ótal önnur falla í sama flokk. Meðal þeirra eru tvö sem hljóma á tónleikum kvöldsins og eru bæði byggð á meistaraverkum frá endurreisnartímanum.

Ottorino Respighi (1879–1936) var eitt dádasta tónskáld Ítalíu á fyrri hluta 20. aldar. Kunnastur er hann fyrir glæsilegan hljómsveitarþrileik sinn sem innblásinn er af dásemdum borgarinnar eilífu: *Gosbrunnar Rómaborgar*, *Furutré Rómaborgar* og *Hátíðir í Róm*. En Respighi var dæmigerður fyrir tíðarandann að því leyti að hann sótti einnig innblástur til fortíðar, til dæmis í gamla músík sem lengi hafði legið í þagnargildi. Hann útsetti til dæmis vinsælar hljómsveitar-svítur upp úr tónlist frá 16. og 17. öld (*Antiche arie e danze*), og í verkinu sem hljómar í kvöld lýsir hann í tónum þremur málverkum endurreisnarmeistarans Sandro Botticelli sem öll hanga í Uffizi-safninu í Flórens.

Tónlistin á Íslandi

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur *Trittico Botticelliano*. Þó hefur verkið hljómað að minnsta kosti fjórum sinnum áður hér á landi í flutningi annarra hópa. Íslenska hljómsveitin lék það í Langholtskirkju 1985 undir stjórn Marks Tardue, Kammerhljómsveit Akureyrar 1990 og Kammersveit Hafnarfjarðar þremur árum síðar, báðar undir stjórn Arnar Óskarssonar. Loks hljómaði það á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands árið 1998 og þeim flutningi stýrði Guðmundur Óli Gunnarsson.

Respighi samdi *Botticelli-myndir* sínar árið 1927, nýkominn heim úr tónleikaferð til Bandaríkjanna þar sem hann naut stuðnings listelskrar auðkýfingsfrúr að nafni Elizabeth Sprague Coolidge. Hún var sjálf píanisti og studdi með ráðum og dád ótal tónskáld á fyrri hluta 20. aldar – meðal þeirra sem nutu örlætis hennar voru Bartók, Copland, Poulenc, Ravel og Schönberg – og í kjölfarið ákvað Respighi að tileinka henni sitt næsta verk.

Yfirbragð þáttanna er bjart og fagurt, rétt eins og frum-myndirnar. *Vorið* iðar af fuglasöng og kæti, en inn á milli hljóma stef með yfirbragð fornra dansa. Í miðkaflanum, *Vegsömun vitringanna*, eru blásarar í forgrunni og hér notar Respighi ævaforann aðventusálm, *Veni, veni, Emanuel* (Kom þú, kom vor Immanúel) til að minna á atburði jólanæturinnar og komu frelsarans. Kliðmjúkir og vaggandi tónar eru áberandi í lokaþættinum, *Fæðingu Venusar*, þar sem ástargyðjan stígur upp úr hafinu á hörpudiski.



La primavera (Vorið)



L'adorazione dei Magi (Vegsömun vitringanna)



La nascita di Venere (Fæðing Venusar)



Tónlistin á Íslandi

Fimmti fiðlukonsert Mozarts hefur hljómað ellefu sinnum áður á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar, fyrst í flutningi Gerhards Taschner í Þjóðleikhúsinu 1954 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Síðan hafa meðal annars flutt verkið með Sí þau Wolfgang Schneiderhan, Wilhelm Stross, Guðný Guðmundsdóttir, Judith Ingólfsson og Isabelle van Keulen. Áður hafði konsertinn heyrst a.m.k. einu sinni áður með hljómsveitarmeðleik hér á landi, þegar Björn Ólafsson flutti hann ásamt Hljómsveit Reykjavíkur í Gamla bíói í desember 1941, á tónleikum þar sem minnst var 150 ára ártíðar Mozarts. Konsertinn hefur einnig hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna (einkl. Hjörleifur Valsson, 2003) og vitaskuld við ótal önnur tækifæri enda einn ástsælasti konsert tónskáldsins.

W.A. Mozart

Fiðlukonsert nr. 5

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) var bæði framúrskarandi píanisti og prýðilegur fiðlari. Hann lagði fiðluna raunar á hilluna síðar á ævinni en á unglingsárum gegndi hann stöðu fiðluleikara við hirðina í Salzburg og þar gafst honum kostur á að leika konserta og kammerverk eftir sjálfan sig og aðra. Fiðlukonsertana fimm samdi hann árið 1775 og hefur líklega farið sjálfur með einleikshlutverkið þegar þeir voru fluttir fyrst.

Mozart lauk við konsertinn í A-dúr hinn 20. desember 1775, fimm vikum fyrir tvítugsafmæli sitt. Það að nítján ára piltur hafi samið þessa tónlist er næsta ótrúlegt eitt og sér, en ekki er síður aðdúunarvert hvílíku framförum hann hafði tekið frá því hann samdi fyrsta fiðlukonsertinn átta mánuðum fyrr. Mozart hafði aldrei áður samið jafnmarga konserta á svo stuttum tíma, og tók ekki aðra slíka skorpu í þeirri grein fyrr en upp rann gósenár píanókonsertanna, 1786.

Mozart kemur áheyrendum sínum á óvart þegar einleikarinn hefur upp raust sína í fyrsta sinn. Hljómsveitin hefur þá þegar leikið nokkur lykilstef og því má búast við að fiðlarinn hefji leik sinn á því að endurtaka hið fyrsta þeirra. Hér skiptir Mozart yfir í hægt tempó, undir langri og lýrískri fiðluhendingunni vaggar hljómsveitin með kliðmjúkum tónum en síðan er tekið til við hraðara spil þar sem frá var horfið. Í lokapættinum læðist óvæntur gestur inn í ljúft rondó. Tyrknesk músík var vinsæl í Austurríki um það leyti sem Mozart samdi konsertinn og hann fór ekki varhluta af æðinu fremur en samtímamenn hans Haydn og Gluck, né heldur Beethoven í Níundu sinfóníu sinni. Mozart samdi „tyrkjaverk“ á borð við óperuna *Brottnámið úr kvennabúrinu* og lokakaflann í píanósónötu í A-dúr K. 331 (*Rondo alla turca*), en hér hnuplar hann hressilegum marsi úr eigin óperu, *Lucio Silla*, sem hann samdi þremur árum fyrr.

Paul Hindemith

Matthías málari, sínfónía



Þegar nasistar náðu völdum í Þýskalandi árið 1933 hafði Paul Hindemith (1895–1963) verið meðal fremstu tónskálda landsins í ríflega áratug. Hann var hæfileikaríkur stjórnandi, hafði áhrif á kynslóðir tónlistarmanna með kennslu sinni og skipulagði tónlistarhátíðir með góðum árangri. Í tónsmíðunum sjálfum var hann farinn að mildast nokkuð, var ekki eins róttækur og við upphaf ferilsins, en það breytti ekki því að þjóðernissósíalistar höfðu litla þolinmæði í hans garð. Þar hafði líka sitt að segja að eiginkona Hindemiths var hálfur gyðingur, og þótt hún hefði verið skírð til kaþólskrar trúar strax á barnsaldri voru nasistar harðir í horn að taka þegar kom að slíkum hjónaböndum.

Einmitt um þetta leyti vann Hindemith að óperu byggða á ævi og lífsstarfi þýska listmálarans Matthiasar Grünewald (d. 1528) sem helst er minnst fyrir stórfenglega altarástöflu sína fyrir klaustrið í Isenheim í Elsass-héraði. Grünewald hafði tekið málstað þýskra bænda þegar þeir gerðu uppreisn gegn yfirvaldinu og glatað fyrir vikið þeim stuðningi sem hann átti áður vísan á æðstu stöðum. Í óperu Hindemiths, *Mathis der Maler* eða Matthías málari, er reifað hlutverk listamannsins í ótryggu samfélagi og hann lætur Matthías jafnvel berjast gegn bókabrennum kaþólskra. Þetta var vitaskuld eldfimt efni um sama leyti og ungliðahreyfing nasista stóð fyrir bókabrennum víða um land.

Afstaða Hindemiths er skýr. Listamaðurinn á ekki að fást við pólitík heldur starfa að list sinni af heiðarleika og sanngírni. En með slíkri óperu hlaut tónskáldið sjálft að lenda í hringiðum samtímans. Hindemith samdi sínfóníu upp úr nokkrum helstu þáttum óperunnar á árunum 1933–34, að beiðni hljómsveitarstjórans Wilhelms Furtwängler sem vildi fá nýtt verk til að flytja með Berlínarfílharmóníunni. Frumflutningurinn í mars 1934 tókst vel en vegir Þriðja ríkisins voru órannsakanlegir þegar kom að menningarpólitík. Innan skamms var uppfærsla bönnuð í Frankfurt og árið 1936 voru

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fjórum sinnum áður flutt sínfóníuna sem byggð er á tónlist úr Matthíasi málara, árið 1953 (stj. Hermann Hildebrandt), 1970 (stj. Proinsias O'Duinn), 1985 (stj. Arthur Weisberg) og 2010 (stj. Eva Ollikainen).

öll verk Hindemiths sett á bannlista í Þýskalandi. Hann flýði til Sviss ári síðar.

Hver hinna þriggja þátta símfóníunnar heitir eftir þrískiptu altaristöflunni í Isenheim. Hjá Grünewald sýnir „Hljómleikur englanna“ Maríu og Jesúbarnið þar sem þau hlýða á engil leika á strengjahljóðfæri. Fyrsti kafli hefst á björtum og blíðum strengjahljóðum; því næst syngja básúnur gamalt þýskt lag um englasöng, *Es sungen drei Engel*. Tónlistinni eykst þröttur og um síðir snýr lagið aftur, sterkt og glæsilegt. Miðþáttur símfóníunnar ber yfirskriftina „Greftrun“. Tónlistin er hæg og friðsæl, en í óperunni er hún millispil eftir dauða Regínu, sem er dóttir eins bændaforingjans.

Þriðji þáttur ber undirtitil á latínu: *Ubi eras bone Jhesu / ubi eras, quare non affuisti / ut sanares vulnera meas?* sem myndi útleggjast: „Hvar varstu, góði Jesús, hvar varstu? Hví ertu ekki kominn að græða sár mín?“ Hér er málariinn Matthías kvalinn af eigin samvisku og stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum. Sérkennilegar upphafshendingar víkja smám saman fyrir hraðari og léttari tónum, og yfir iðandi strengjalinum syngja tréblásarar gregorskan sálm, *Lauda Sion salvatorem* (Fagna, Síon, frelsara þínum). Undir lokin taka horn og básúnur öll völd með hástemmdum Halelúja-söng, svo verkið endar í gleði og fullvissu.

Árni Heimir Ingólfsson



Engelkonzert (Hljómleikur englanna)



*Versuchung des heiligen Antonius
(Freisting heilags Antoníusar)*



Grablegung (Greftrun)

Á döfinni

Postnikova og Rozhdestvenskíj

Fim. 30. apríl » 19:30



Aufúsugestirnir og Íslandsvinirnir, hjónin Viktoria Postnikova og Gennadíj Rozhdestvenskíj heiðra Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistarunnendur enn á ný með nærveru sinni og flutningi á rússneskum öndvegisverkum. Rozhdestvenskíj er einn fremsti hljómsveitarstjóri samtímans og milli hans og Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur myndast náð samband sem kristallast í ógleymanlegum tónlistarupplifunum. Óhætt er að lofa ógleymanlegri stund þegar Gennadíj Rozhdestvenskíj stendur í brúnni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Tónleikakynning Vinafélagsins hefst kl. 18:00 í Hörpuhorninu.

Igor Stravinskij
Sergej Rakhmanínov
Pjotr Tsajkovskij

Pulcinella, svíta
Píanókonsert nr. 4
Hljómsveitarsvíta nr. 3

Simon Trpčeski

Fim. 28. maí » 19:30



Makedónskí píanósnillingurinn Simon Trpčeski hefur verið í hópi fremstu píanóleikara Evrópu síðasta áratuginn en sækir nú Ísland heim í fyrsta sinn. Hér leikur Trpčeski fyrri píanókonsert Chopins, sem tónskáldið samdi aðeins tvítugur að aldri.

Árið 2015 verða liðin 150 ár frá fæðingu Carls Nielsen. Sinfóniur þessa þjóðartónskálds Dana eru á efnisskrám hljómsveita um allan heim. Sú fimmta er vinsælust þeirra allra og hljómar hér í túlkun finnska stjórnandans Pietari Inkinen, sem hefur margsinnis stjórnað SÍ við mjög góðar undirtektir áheyrenda.

Tónleikakynning Vinafélagsins hefst kl. 18.00 í Hörpuhorninu.

Frédéric Chopin
Carl Nielsen

Píanókonsert nr. 1
Sinfónía nr. 5



Rómeó og Júlía

Rico Saccani snýr aftur

Mið. 13. maí » 19:30

Tryggið ykkur miða

Pjotr Tsjajkovskij

Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur

Leonard Bernstein

Úr West Side Story

George Gershwin

Úr Porgy og Bess

Rico Saccani hljómsveitarstjóri

Ástir, átök og örlög á vorkvöldi

í Eldborg. Eitt frægasta tónverk

Tsjajkovskijs er byggt á Rómeó og

Júliú Shakespeares. Það á líka við

um söngleikinn West Side Story

eftir Bernstein en þar eru átökin

færð til New York. Smellirnir

Summertime og It Ain't Necessarily

So úr Porgy og Bess eftir Gershwin

öðlast nýtt líf í litríkri útgáfu.

Rico Saccani var aðalstjórnandi SÍ á

árunum 1998-2002 og snýr nú aftur

til að stjórna Sinfóníuhljómsveitinni,

í fyrsta sinn um langt skeið.

Hljómsveit á tónleikum

26. mars 2015

1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Mark Reedman
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Martin Frewer
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Lin Wei

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Kristján Matthíasson
Roland Hartwell
Christian Diethard
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Laufey Jensdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Kristín B. Ragnarsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Júlía Mogensen
Inga Rós Ingólfssdóttir
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Hávaður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Carl Roine Hultgren

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

CELESTA

Helga Bryndís Magnúsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Árni Áskelsson

Arna Kristin Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Margrét Ása Jóhannsdóttir nota- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Feðgarnir Martial Nardeau og Matthías Nardeau vinna vinnuna sína með lungum og munnni.

Matthías: Annars er ég mjög feginn að það hlýnaði í vikunni. Blöðin eru svo viðkvæm fyrir frostinu. **Martial:** Einmitt, það eru alltaf sömu vandræðin með ykkur óbóleikara og þessi blöð. **Matthías:** En hvað með pikkólóflautuna, er hún ekkert að springa?

Það er talsvert mikið loft í meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sumir þeirra vinna hreinlega við að dæla því út í heiminn í gegnum rör, pípur og ventla. Hljóðfæri þeirra feðga, Martial og Matthíasar Nardeau, tilheyra bæði tréblástursdeild hljómsveitarinnar, þó að annað þeirra, þverflautan, sé reyndar yfirleitt úr málmi.

Óbóid er viðkvæmt hljóðfæri sem gerir miklar kröfur til óbóleikara sem yfirleitt eru í stanslausum vandræðum með svokölluð „blöð“ sem þeir blása í gegnum. Flautan á sér hins vegar langa hefð og hefur fylgt manningum um árþúsundir í ýmsum formum.

Martial Nardeau settist að með fjölskyldu sinni á Íslandi árið 1982, sama ár og Matthías fæddist suður í Frakklandi. Martial hefur lagt mikið til tónlistarlífsins hér á landi og ferðast víða til tónleikahalds. Matthías Nardeau er meðal unga fólksins í hljómsveitinni sem fer létt með að taka að sér viðkvæmar sólóstrófur á mikilvægum augnablikum.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

Seiðandi og kraftmikil tónlist Britten sækir innblástur í ólgandi Atlantshafið og lýsir fárviðri tilfinninganna sem magnast kringum skipstjórnann ógæfusama, Peter Grimes


Peter Grimes

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan flytja Peter Grimes ásamt alþjóðlegum stórsöngvurum í tónleikauppfærslu í Hörpu á Listahátíð í Reykjavík

22. maí KL. 19:30 í Eldborg



Stuart Skelton



Susan Gritton




Ólafur K. Sigurðarson



Daníel Bjarnason

Miðasala á www.harpa.is

Frumflutningur á Íslandi



MEINGALDAGI
MENNINGARGÁLARÁÐUNEYTIÐ

Peter Grimes eftir
Benjamin Britten
Hljómsveitarstjóri:
Daníel Bjarnason

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Kór Íslensku óperunnar

Einsöngvarar: Stuart Skelton, Susan Gritton,
Ólafur Kjartan Sigurðarson, Hanna Dóra
Sturludóttir, Hallveig Rúnarsdóttir, Lilja Guð-
mundsdóttir, Snorri Wíum, Viðar Gunnars-
son, Ingveldur Ýr Jónsdóttir, Garðar Thór
Cortes, Oddur Arnþór Jónsson & Jóhann
Smári Sævarsson